

- 11 29. *Hliðarvegur*: Af Viðidalsvegi, um Bakka, að Litluhlíð.
 27. jan. 30. *Ásgeirsárvegur*: Af Þjóðveginum á Lækjarmelum, um Stóru-Ásgeirsá, á Viðidalsveg hjá væntanlegri brú á Viðidalsá.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. janúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Páll Pálmason.

12

2. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 74 17. apríl 1950, um búfjárrækt.

43. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Landssambandi hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu fjórða hvert ár fyrir reiðhross, sem notuð eru til undaneldis, í fyrsta skipti árið 1950, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal varðandi sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlauna fer eftir reglum, sem landssambandið setur í hvert skipti og stjórn Búnaðarfélags Íslands samþykkir.

Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram.

Landssamband hestamannafélaga skal kjósa 2 meðdómendur í hvern dómflokk sýningarinnar.

Búnaðarfélag Íslands lætur skrasetja sérstaka ættbók fyrir þau hross, sem hljóta verðlaun á landssýningum þessum.

Á landssýningu Landssambands hestamannafélaga skal dæma kynbótahross á eftirfarandi hátt í einkunnum og stigum:

1. Fyrir byggingu:	<i>Einkunn:</i>	<i>Stig:</i>
a. Höfuð, háls og yfirsvipur	1—10	35
b. Samræmi í líkamsbyggingu	1—10	35
c. Fætur, hófar og fótstaða	1—10	30
	Samtals	100 stig.
2. Fyrir reiðhestahæfileika:	<i>Einkunn:</i>	<i>Stig:</i>
a. Fetgangur	1—10	20
b. Tölt	1—10	50
c. Brokk	1—10	30
d. Skeið	1—10	50
e. Stökk	1—10	40
f. Vilji	1—10	70
g. Geðslag	1—10	40
	Samtals	300 stig.

3. Fyrir afkvæmi:	<i>Einkunn:</i>	<i>Stig:</i>	12
a. Fyrir byggingu	1—10	30	2. febr.
b. Fyrir reiðhestshæfileika	1—10	30	
c. Fyrir kynfestu	1—10	40	
	<hr/>		
	Samtals	100 stig.	

Heildarstigafjöldi er 500 stig. Það hross, sem hlýtur hæsta stigatölu, vinnur í samkeppninni, og röð hrossanna verða samkvæmt reiknuðum stigafjölda. Stóð- hestar skulu keppa um afkvæmi eftir 3. tölulið, en hryssur skulu dæmdar eftir 1. og 2. tölulið.

Til afkvæmadóma skulu 4 afkvæmi, þrevetur eða eldri, mæta með hverjum stóðhesti á sýningunni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 19 22. marz 1948, um bú- fjárrækt, og lögum nr. 11 14. febr. 1950 um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. febrúar 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

13

6. febr.

Fjármálaráðuneytið hefur, með hliðsjón af heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 10 í 82. kafla tollskrár, ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindri vöru þannig, að gjöldin af henni verði eins og að neðan greinir og að hún flokkist þannig:

Tollskrá:			Vöru-	Verð-
Kafli.	Nr.	Toll-	magns-	tollur
		eining	tollur	%
			Aurar	
82	10 — (3)	1 kg	2	2

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 76 frá 1953, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 frá 1939, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1954.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzone.

Sigurður Askelsson.